

Nd.

116. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og á lögum nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Á eftir 3. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, komi ný grein, sem verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala laganna samkvæmt því):

Ferðaskrifstofa ríkisins skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslögjöfin geti komið að sem bestum notum.

Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

2. gr.

Orðin „og um innheimtu stimpilgjalds, er ræðir um í 7. og 8. gr.“ í niðurlagi 6. gr. laganna, sem verður 7. gr., falli niður.

3. gr.

7. gr. laganna, sem verður 8. gr., orðist svo:

Heimilt er að greiða kostnað við rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins af sérleyfisgjaldi bifreiða, sem innheimt er samkvæmt 6. gr. laga nr. 22 30. janúar 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

4. gr.

8. gr. laganna falli niður.

5. gr.

19. liður laga nr. 99 14. maí 1940, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, og samhljóða ákvæði í eldri lögum eru úr gildi numin.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að heiðni samgöngumálaráðherra, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um breytingar á því. Frá ráðherra fylgdu frv. svo hljóðandi athugasemdir:

Um 1. gr.

Með hliðsjón til laga nr. 16 26. febrúar 1943, um orlof, þykir rétt að taka upp í lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, ákvæði um, að ferðaskrifstofan skuli skipuleggja ódýrar orlofsdvalir, orlofsferðir og hópferðir, einnig hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

Um 2. gr.

Þessi ákvæði má fella niður, þar sem ákvæði um sérleyfisgjöld eru komin í staðinn í lögum nr. 22 30. jan. 1945, um skipulag á fólksflutningum með bifreiðum.

Um 3. gr.

Í lögum nr. 33 1936, 7. gr., var ákveðið, að stimpilgjald af farseðlum með bifreiðum í áætlunarferðum, 5 aurar af hverri heilli krónu í andvirði seðilsins, skyldi renna til ferðaskrifstofunnar, til að afla henni tekna. Þar sem sérleyfisgjöld eru komin í staðinn fyrir stimpilgjaldið samkvæmt lögum nr. 22 1945, þykir rétt, að kostnað ferðaskrifstofunnar megi greiða með þeim.

Um 4. gr.

Vegna laga nr. 22 1945 er rétt, að þessi grein falli niður.

Um 5. gr.

Þegar ófriðurinn hófst, féll starfsemi Ferðaskrifstofu ríkisins að mestu niður, og var á árinu 1940 talið rétt, að hún skyldi hætta störfum. Var þá með lögum nr. 5 12. jan. 1940 og síðar nr. 99 14. maí 1940, 19. lið, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, frestað framkvæmd 1.—6. gr. laga nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Þar sem telja verður nú nauðsynlegt, að Ferðaskrifstofa ríkisins taki til starfa á ný, er lagt til, að tóð lagaákvæði verði úr gildi numin.